

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hundahjálp AB.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Hundahjálp AB og starfar skv. lögum nr. 19/1988, sbr. reglugerð nr. 140/2008. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Garðabæ.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að stuðla að velferð hunda á Íslandi, þ.e. að þeir séu lausir við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma.

Verkefni stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- Fjárhagslegur stuðningur til að kaupa fæði eða greiða læknskostnað fyrir heimilislauða hunda eða sjálfbóðaliða á vegum viðurkenndra samtaka sem taka að sér hunda tímabundið meðan verið er að leita að varanlegu heimili.
- Fjárhagslegur stuðningur við þjálfun hunda sem hafa verið vanræktir eða lent í illri meðferð og eru í leit að nýju heimili.
- Stuðningur vegna þjálfunar hjálparhunda eins og leiðsöguhunda.
- Stuðningur við kaup á leiðsögu- eða hjálparhundum.
- Stuðningur við kaup á sérhæfðum búnaði fyrir leitarhunda eða sjálfbóðaliða sem taka að sér leit að týndum hundum.
- Stuðningur við kaup á sérhæfðum lækningatækjum fyrir hunda.
- Stuðningur við leigu á húsnæði sem ætlað er sem athvarf fyrir heimilislauða hunda á höfuðborgarsvæðinu.
- Fjárhagslegur stuðningur vegna læknaðstoðar í þágu hunda í eigu einstaklinga sem hafa ekki ráð á að standa undir slíkum kostnaði, í samræmi við nánari viðmið og reglur eins og þær eru ákveðnar af stjórn sjóðsins hverju sinni.
- Önnur verkefni er lúta að velferð hunda eins og stjórn stofnunarinnar ákveður á hverjum tíma. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar með greiðslu styrkja í þágu velferðar hunda í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar hverju sinni.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur stofnunarinnar eru Anna Linda Guðmundsdóttir, kt. 100373-4249 og Björn Víðisson, kt. 250270-4109.

Framlag stofnenda til stofnunar sjóðsins er eftirfarandi:

Anna Linda Guðmundsdóttir, 797.500 kr.

Björn Víðisson, kr. 797.500 kr.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er 1.595.000 kr., sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnféð greiðist af eigin fé stofnenda og er þaðan runnið. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

Stofnuninni er heimilt að taka við hvers konar gjöfum, fjárframlögum, styrkjum og stuðningi, hvort sem er frá stofnendum eða öðrum sem vilja veita markmiðum hennar brautargengi og sem samrýmast markmiðum stofnunarinnar og skipulagsskrá þessari að öðru leyti.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Nr. 1120

17. september 2024

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 17. september 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 8. október 2024